


FJARFESTING ERLENDA ADILA I ISLENSKU FISKELDI.

Valdimar Gunnarsson



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

Eintak bókasafns.

Veiðimálastofnunin í Reykjavík.

VMST-R/87033

FJARFESTING ERLENDRA AÐILA Í ISLENSKU FISKELDI.

Þróun í fiskeldi hér á landi hefur verið mjög hröð síðustu ár. Frá árinu 1980 til síðari hluta árs 1987 hefur skráðum fiskeldisstöðvum fjölgað úr 25 í 130. Af þessum 130 stöðvum hafa um 80 hafið rekstur. Fjárfest hefur verið fyrir um 2.0 milljarða í fiskeldi hér á landi. Mest af þessu fjármagni hefur farið í seiðaeldisstöðvar, eða um 65 %. Þessi mikla fjárfesting í seiðaeldi síðustu ár hefur valdið því að framleiðsla á gönguseiðum hefur aukist úr tæpri milljón árið 1985 í tæpar 4.0 milljónir árið 1987. Lauslega áætlað er framleiðslugeta seiðaeldisstöðva sem hafa þegar hafið rekstur og þeirra sem eru í uppbyggingu, 15-20 milljónir gönguseiða og má því vænta mikillar aukningar næstu ár.

Minna hefur verið fjárfest í matfiskeldi og var það ekki fyrr en á síðasta ári sem framleiðslugeta matfiskeldisstöðva fór að aukast verulega. Á síðasta ári voru framleidd um 340 tonn af laxi og regnbogasilungi og á þessu ári er gert ráð fyrir að framleidd verði um 1.000 tonn. Framleiðslugeta matfiskeldisstöðva sem byrjaðar eru með rekstur og þeirra sem eru í uppbyggingu er lauslega áætluð 3-4.000 tonn.

Mikil uppgangur í fiskeldi hér á landi er ekki eingöngu íslenskum frakvæmdamönnum að þakka. Erlendir aðilar, og þá helst norsk fyrirtæki, eiga stóran þátt í framgangi mála og má sennilega gera ráð fyrir að ekkert hefði orðið úr framkvæmdum hjá mörgum stórum fiskeldisstöðvum ef útlendingar hefðu ekki lagt sitt fjármagn af mörkum. Hlutur erlendra aðila í heildarfjárfestingunni er 25% eða hálfur milljarður. Erlend fyrirtæki og einstaklingar eiga hlut í sjö fiskeldisstöðvum og eiga þeir 49% í fjórum af stærstu fiskeldisstöðvunum hér á landi. Þessi fyrirtæki eru: Islandslax h/f, ISNO h/f, Silfurlax h/f og Fjallalax h/f.

Tafla 1. Eignaraðild útlendinga í íslensku fiskeldi.

Fyrirtæki	Erlendir eignaraðilar	Eignar- hlutfall(%)
Íslandslax h/f	Norlaks (Selmer Sande og Teleplan), Noregi	49%
ISNO h/f	Mowi, Noregi	49%
Fjallalax h/f	Seafood Development, Noregi	49%
Silfurlax h/f	Sænskir aðilar	49%
Eldi h/f	Sea Venture, Noregi	33%
Vogalax h/f	Oregon-Aqua Foods, USA	30%
Haflax h/f	Fróði Durhuus, Færeyjum	10%

Vogalax, sem er lang stærsta hafbeitarstöðin hér á landi, er að 30% í eigu bandaríks fyrirtækis, en gert er ráð fyrir að þetta hlutfall lækki niður í 13% fljótlega með sölu hlutabréfa til íslenskra aðila á næstunni. Líkur eru á að nokkur fjárfesting í samvinnu við erlenda aðila sé í vændum á næstunni. Þar má nefna Lindalax h/f á Vatnsleysuströnd, þar sem norska fyrirtækið Seafood Development tekur þátt í uppbyggingu nýrrar stöðvar.

Mikil þáttaka útlendinga í fiskeldi hér á landi á sér enga hliðstæðu í sjávarútvegi eða landbúnaði. Matvælaíðanaður hefur verið byggður upp á síðustu árum af íslenskum framkvæmdamönnum með mjög lítilli þáttöku erlenda aðila. Ástæðan fyrir því að útlendingar hafa verið umsvifamiklir í uppbyggingu fiskeldis hér er sú að með þeim var talið að við fengjum þekkingu og fjármagn. Það að útlendingar flyttu með sér þekkingu inn í landið er að hluta til rétt, það er að segja að upp úr 1980 hóf Mowi í Noregi samstarf við íslenskt eldisfyrirtæki með flotkvíaeldi í Lóni í Kelduhverfi. Hjá öðrum fiskeldisfyrirtækjum sem síðan hafa verið stofnuð með erlendri aðild t.d. Íslandslax h/f, Silfurlax h/f, Vogalax h/f og Fjallalax h/f, hafa útlendingarnir lítið getað lagt til þar sem nauðsynleg þekking var í flestum tilvikum til í landinu. Oft hafa hinir erlendu aðilar heldur ekki haft þá reynslu eða þekkingu sem til þurfti, eins og t.d. við uppbyggingu strandeldisstöðva hér á landi. Það sem erlendir aðilar hafa virkilega lagt fram við uppbyggingu fiskeldis hér á landi er fjármagn og hafa þeir þar með lagt grunninn að mörgum glæsilegum fiskeldisfyrirtækjum.


A meðan erlendir framkvæmdaaðilar hafa verið að fjárfesta í

fiskeldi á Íslandi hafa íslenskir útgerðarmenn og eigendur fiskverkunarstöðva notað sitt fjármagn til að stækka flotann og auka afkastagetu fiskvinnslunnar sem í mörgum tilvikum er ekki eingöngu vafasöm fjárfesting heldur minnkar arðsemi sjávarútvegsins í heild. Frá þessu eru vissulega undantekningar og má þar t.d. nefna Guðmund Runólfsson á Grundafirði, Smára h/f í Þorlákshöfn, Gylfa Gunnarsson í Neskaupsstað og fleiri. Ekki má gleyma Skúla Pálssyni, sem sá fyrir sér framtíð fiskeldis mjög snemma, hætti útgerð og hóf fiskeldi að Laxalóni árið 1951. Laxalón er núna stærsta fiskeldisfyrirtækið hér á landi sem er alfarið í eigu íslenskra aðila.

Fiskeldi hefur fengið mjög neikvætt umtal að undanfögnu og umræður hafa verið um að þessi atvinnuvegur komi til með að eiga í fjárhagsöruggleikum í framtíðinni. Þetta er að hluta til rétt. Nokkuð hefur verið fjárfest í stöðvum sem koma tæplega til með skila nokkrum arði, en hinu má ekki gleyma að fjöldi fiskeldisfyrirtækja hefur skilað hagnaði og eru þau vel samkeppnishæf við erlenda keppinauta. Hér á landi eru nokkrir staðir sem vel eru fallir til fiskeldis og með því að leggja fram fjármagn og þekkingu ætti að vera hægt að byggja upp nokkur arðvænleg fiskeldisfyrirtæki til viðbótar.

Heimildir:

Forsvarsmenn fiskeldisfyrirtækja,
Framkvæmdasjóður,
Veiðimálastofnun.



Frá fiskeldisstöðinni Íslandslax en erlendir aðilar eiga 49% í henni.

Valdimar Gunnarsson, fiskifræðingur um uppbyggingu fiskeldisstöð

Hluttur útlendingin í fiskeldi er 25%

„Erlend fyrirtæki og einstaklingar eiga hluti í sjó fiskeldisstöðvum og eiga þeir 49% í fjórum stærstu fiskeldisstöðvunum hér á landi... Fjárfest hefur verið fyrir um 2 milljarða í fiskeldi hér á landi... Hluttur erlendra aðila í heildarfjárfestingunni er 25% eða hálfur milljarður.“

Þetta segir Valdimar Gunnarsson, fiskifræðingur og starfsmaður Veðimálastofnunar í grein sem hann ritar í nýjasta eintak tímaritsins *Sjávarfrétta*.

Segir Valdimar að framleiðslugeta seiðaeldisstöðva, sem hafa notið um 65% fjárfestingarinnar, sé 15-20 milljónir gönguseiða, en framleiðsla seiðanna var 1 milljón árið 1980. Á síðasta ári voru framleidd 340 tonn af laxi og regnbogasilungi, en gert sé ráð fyrir að framleidd verði um 1.000 tonn í ár.

Að sögn Valdimars eiga erlendir aðilar og fyrirtæki stóran þátt í miklum uppgangi fiskeldis hér á

landi, þó ekki megi vanmeta hlut íslenskra framkvæmdamanna. „Og má sennilega gera ráð fyrir að ekkert hefði orðið úr framkvæmdum hjá mörgum stórum fiskeldisstöðvum ef útlendingar hefðu ekki lagt sitt fjármagn af mörkum.“ Bendir hann á að útlendingar eigi 49% í fjórum stærstu fiskeldisstöðvunum, sem eru Íslandslax, ISNO, Fjallalax og Silfurlax. Þá sé eignaraðild útlendinga 33% í Eldi, 30% í Vogalaxi og 10% í Haflaxi.

Mikil þátttaka útlendinga í fiskeldi hér á landi á sér enga hlíðstæðu í sjávarútvegi eða landbúnaði, segir Valdimar í greininni og

ástæðuna segir hann vera þá að með þeim var talið að við fengjum þekkingu og fjármagn.

„Oft hafa hinir erlendu aðilar heldur ekki haft þá reynslu eða þekkingu sem til þurfti, eins og t.d. við uppbyggingu strandeldisstöðva hér á landi. Það sem erlendir aðilar hafa virkilega lagt fram við uppbyggingu fiskeldis hér á landi er fjármagn og hafa þeir þar með lagt grunninn að mörgum glæsilegustu fiskeldisfyrirtækjum“ segir Valdimar.

Hann bendir að lokum á að þó að nokkuð hafi verið fjárfest í stöðvum sem tæplega komi til með að skila hagnaði, þá hafi fjöldi fyrirtækja þegar gert það og séu íslensk fiskeldisfyrirtæki vel samkeppnishæf við þau erlendu.

- SÓL

Grænlandsk og færøysk skip undanþegin löndunarbanni

FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS

DEVELOPMENT FUND OF ICELAND

RAUÐARÁRSTÍG 25 - 105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. sept. 1987

Hr. Ívar Jónsson,
Sussex,
England.

Sem svar við fyrirspurn þinni, um þátt útlendinga í fjárfestingu í fiskeldi á Íslandi, upplýsist eftirfarandi:

Fram til ársins 1984 var fjárfesting í fiskeldi á Íslandi óveruleg.

Á árinu 1984 var opnuð leið til fjármögnunar í fiskeldisframkvæmdum hjá Framkvæmdastofnun ríkisins. Flest þeirra lána hafa verið veitt af Framkvæmdasjóði Íslands. Samhliða innlendum lánnum (í erlendri mynt) hefur Fiskveiðasjóður Íslands tekist á hendur ábyrgðir fyrir lántökum erlendis.

Lánveitingar á árunum 1981 til 1986 voru:

1981	5.210 þús.	
1982	12.940 "	
1983	6.166 "	
1984	52.680 "	
1985	185.540 "	
1986	372.040 "	eða alls 634.576 þús.kr.

reiknað fram til verðlags í september 1987.

Auk þess ábyrgðir Fiskveiðasjóðs fyrir 500.000 þús eða um 1.134.000 þús.kr. til ársloka 1986. Við þetta bætast 280.000 þús.kr. samþykkt lán á árinu 1987 og nema lánin þá um 1.420 milljónum króna.

Hlutfall lána af framkvæmdakostnaði er á bilinu 50-75% og framkvæmdir losa því 2 milljarða króna í heild.

Útlendingar eru meðeigendur í 6 fiskeldisstöðvum svo ég viti til:

Vogalaxi hf.	75%	500
Eldi hf.	()	
Ísnó hf.	49%	
Íslandslaxi hf. og	49%	
Silfurlaxi hf.	49%	
Vallalax	49%	

Li. Alex 49.
Watragnull 49.
Se. K. 49.

Hlutur útlendinganna í fjárfestingu þessara fyrirtækja telst mér vera nálægt 420 milljónum króna. Þátttaka þeirra hefur ýmist orðið jafnóðum með uppbyggingu stöðvanna eða með kaupum á hlutafé síðar. Slik kaup kunna að hafa átt sér stað á yfirverði, en mitt mat byggist á framreiknuðum upplýsingum um fjárfestingu þessara fyrirtækja.

See Food Development

Áætluð skipting þessarar fjárfestingar niður á einstök ár er nálægt því að vera sem hér segir:

t.o.m.	1984:	29 mkr.
	1985:	99 "
	1986:	176 "
	1987:	116 "

alls 420 mkr.


Eins og horfir, eru líkur á að nokkur fjárfesting í samvinnu við erlenda aðila sé í vandum á næsta ári.

Horfur eru á að ráðist verði í byggingu strandeldisstöðvar Lindalax hf. á Vatnsleysuströnd.


Einnig er rætt um hugsanlega stækkun á strandeldisstöð Íslandslax hf. við Grindavík og ýmsar framkvæmdir Ísnó hf. Gætu þessar framkvæmdir hlaupið á hundruðum milljóna.

Virðingarfyllst,

FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS



Snorri Tómasson



Frá fiskeldisstöðinni Íslandslax en erlendir aðilar eiga 49% í henni.

Valdimar Gunnarsson, fiskifræðingur um uppbyggingu fiskeldisstöð

Hluttur útlendingin í fiskeldi er 25

„Erlend fyrirtæki og einstaklingar eiga hluti í sjö fiskeldisstöðvum og eiga þeir 49% í fjórum stærstu fiskeldisstöðvunum hér á landi... Fjárfest hefur verið fyrir um 2 milljarða í fiskeldi hér á landi... Hluttur erlendra aðila í heildarfjárfestingunni er 25% eða hálfur milljarður.“

Þetta segir Valdimar Gunnarsson, fiskifræðingur og starfsmaður Veidimálastofnunar í grein sem hann ritar í nýjasta eintak tímaritsins **Sjávarfrétt**.

Segir Valdimar að framleiðslugeta seidaeldisstöðva, sem hafa notið um 65% fjárfestingarinnar, sé 15-20 milljónir gönguseiða, en framleiðsla seidanna var 1 milljón árið 1980. Á síðasta ári voru framleidd 340 tonn af laxi og regnbogasilungi, en gert sé ráð fyrir að framleidd verði um 1.000 tonn í ár.

Áð sögn Valdimars eiga erlendir aðilar og fyrirtæki stóran þátt í miklum uppgangi fiskeldis hér á

landi, þó ekki megi vanmeta hlut íslenskra framkvæmdamanna, „og má sennilega gera ráð fyrir að ekkert hefði orðið úr framkvæmdum hjá mörgum stórum fiskeldisstöðvum ef útlendingar hefðu ekki lagt sitt fjármagn af mörkum.“ Bendir hann á að útlendingar eigi 49% í fjórum stærstu fiskeldisstöðvunum, sem eru Íslandslax, ISNO, Fjallalax og Silfurlax. Þá sé eignaráhild útlendinga 33% í Eldi, 30% í Vogalaxi og 10% í Haffaxi.

Mikil þátttaka útlendinga í fiskeldi hér á landi á sér enga hliðstæðu í sjávarútvegi eða landbúnaði, segir Valdimar í greininni og

ástæðuna segir hann vera þá að með þeim var talið að við fengjum þekkingu og fjármagn.

„Oft hafa hinir erlendu aðilar heldur ekki haft þá reynslu eða þekkingu sem til þurfti, eins og t.d. við uppbyggingu strandeldisstöðva hér á landi. Það sem erlendir aðilar hafa virkilega lagt fram við uppbyggingu fiskeldis hér á landi er fjármagn og hafa þeir þar með lagt grunninn að mörgum glæsilegustu fiskeldisfyrirtækjum“ segir Valdimar.

Hann bendir að lokum á að þó að nokkuð hafi verið fjárfest í stöðvum sem tæplega komi til með að skila hagnaði, þá hafi fjöldi fyrirtækja þegar gert það og séu íslensk fiskeldisfyrirtæki vel samkeppnishæf við þau erlendu.

- SÓL

Grænlenk og færeysk skip undanþegin löndunarbanni